



Borgarráð

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um stöðu tillögu um endurbætur á gamla Gufunesveginum

Á fundi borgarráðs 16. nóvember sl. lagði borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins ítreka tillögu sína frá 4. maí sl. um endurbætur á gamla Gufunesveginum á kaflanum frá Stórhöfða að sjúkrahúsinu Vog. Vegurinn er í slæmu ásigkomulagi og hafa m.a. myndast djúpar holur í honum. Jafnframt var lagt til að göngu og hjólreiðatengsl við sjúkrahúsið verði bætt. Stígur meðfram Stórhöfða verði tengdur sjúkrahúsinu sem og sá hluti gamla Gufunesvegarins, sem nýtist nú sem göngu- og hjólreiðastígur og liggur frá sjúkrahúsinu niður í voginn og tengist þar stígakerfi Foldahverfis. Meira en hálft ár er nú liðið frá því umrædd tillaga var lögð fram og er því óviðunandi að hún hafi ekki enn verið tekin til afgreiðslu. Þá er rétt að geta þess að sambærileg tillaga Sjálfstæðisflokksins um málið var samþykkt í borgarráði 18. desember 2014 og er einnig óviðunandi að henni skuli enn ekki hafa verið framfylgt. Óskað er eftir því að málið verði tekið til afgreiðslu sem fyrst svo framkvæmdir í þágu bætts aðgengis að sjúkrahúsinu Vog geti farið fram á næsta ári.“

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins dags 4. maí 2017 er svohljóðandi:

„Lagt er til að ráðist verði í endurbætur á Gamla Gufunesveginum á kaflanum frá Stórhöfða að sjúkrahúsinu Vog. Vegurinn er í slæmu ásigkomulagi og hafa m.a. djúpar holur myndast í honum. Jafnframt er lagt til að göngu- og hjólreiðatengsl við sjúkrahúsið verði bætt. Nýmalbikaður stígur meðfram Stórhöfða verði tengdur sjúkrahúsinu sem og sá hluti gamla Gufunesvegarins, sem nýtist nú sem göngu- og hjólreiðastígur og liggur frá sjúkrahúsinu niður í voginn og tengist þar stígakerfi Foldahverfis.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Um er að ræða rúmlega 100 metra kafla sem talinn er vera hluti af Keldnalandi. Ekki er alveg öruggt að svo sé en rétt er að láta Vog njóta vafans, fara í lagfæringar á kostnað Reykjavíkurborgar og gert verði ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlun. Viðræður hafa staðið yfir við fjármálaráðuneytið um ráðstöfun á Keldnalandi um nokkurt skeið og vonast var til að þess að þeim væri að ljúka. Af þessari ástæðu hefur dregist að svara þessari fyrirspurn og er beðið velvirðingar á því.

Óli Jón Hertervig

